

Sp.

318. Nefndarálit

[42. mál]

um till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið um hana umsagnir frá Vinnuveitenda-sambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, Iðnaðarmálastofnuninni og Félagi ísl. iðnrekenda. Eru skoðanir þessara aðila nokkuð skiptar um tillöguna. Allir telja þeir þó, að nauðsynlegt sé að freista nýrra leiða til þess að sætta vinnu og fjármagn og koma í veg fyrir árekstra á vinnumarkaðinum.

Nefndin er sammála um, að æskilegt sé, að athugun fari fram á því, hvort hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag henti í íslenzku athafnalífi. Er það skoðun hennar, að eðlilegt sé, að nefnd sú, sem nú vinnur að athugun á lengd vinnutíma og öðrum hugsanlegum úrræðum til þess að bæta sambúð launþega og vinnuveitenda, taki þetta atriði einnig til meðferðar. Leggur nefndin því til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún beini því til framangreindrar nefndar að taka efni hennar til athugunar.

Einn nefndarmanna (BP) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1963.

Benedikt Gröndal,
form.
Geir Gunnarsson.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.
Gísli Guðmundsson.

Sigurður Bjarnason,
frsm.
Jónas G. Rafnar.